

Ed.

### 337. Frumvarp til laga

[183. mál]

um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

#### 1. gr.

Í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu skal vera lögreglustjóri. Umdæmi hans er Hafnarhreppur.

Forseti Íslands veitir embætti þetta lögfræðingi, sem fullnægir lögmeðtum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

#### 2. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi dómsvald, lögreglustjórn, tollgæzlu og innheimtu á tollum og gjöldum þeim, sem innheimtumönnum ríkissjóðs er ætlað að innheimta. notarialgerðir, yfirfjárráð svo og önnur málefni, er ákveðin verða í reglugerð.

Í Hafnarhreppi skal eigi vera hreppstjóri og skal lögreglustjóri annast störf þau, sem heyrta hafa undir hann.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans skulu settar í reglugerð.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt um það af íbúum Austur-Skaftafellssýslu, að nauðsyn beri til að fá sýslumann að Höfn í Hornafirði eða stofna sérstakt lögreglustjóraembætti fyrir Höfn. Einnig hefur verið rætt um að koma á fót sérstakri umboðsskrifstofu sýslumanns á Höfn, er löglærður fulltrúi veitti forstöðu. Um þetta mál hafa síðustu árin verið gerðar fjölmargar fundasamþykktir. Þar á meðal hefur hreppsnefnd Hafnarhrepps, svo og bændafundir í Austur-Skaftafellssýslu, samþykkt ályktanir þar að lútandi.

Sýslumaður Skaftafellssýslu hefur nú aðsetur í Vík í Mýrdal. Til þess að komast í austurhluta sýslunnar þarf sýslumaður því að fara fyrst til Reykjavíkur og þaðan flugleiðis til Hafnar í Hornafirði. Augljóst er, að slíku fyrirkomulagi fylgir óhagræði, bæði fyrir sýslumann svo og fyrir íbúa austurhluta sýslunnar að þurfa að sækja þjónustu, er skrifstofa sýslumanns á að veita, til Víkur.

Eftir að vegasamband kemst á milli Víkur og Hafnar yfir Skeiðarársand verður vegalengd þar á milli um 300 km. Það er því ljóst, að þrátt fyrir þá vegabót verður erfiðleikum bundið fyrir íbúa í austustu hreppum Austur-Skaftafellssýslu að sækja þjónustu til Víkur.

Á undanförunum árum hefur átt sér stað ör fólksfjölgun á Höfn. Hinn 1. desember 1971 voru íbúar í Austur-Skaftafellssýslu 1 630, þar af í Hafnarhreppi 964, en í Vestur-Skaftafellssýslu voru íbúar 1 368, þar af 378 í Vík. Nú mun íbúatala á Höfn vera komin yfir 1 000 og allar líkur eru til þess, að íbúum fjölgi þar, ef svo heldur fram sem horfir.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að stofnað verði sérstakt lögreglustjóraembætti fyrir Hafnarhrepp. Þá er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að aðrir hreppar Austur-Skaftafellssýslu heyri áfram undir sýslumanninn í Vík. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að lögreglustjórinn geti að einhverju leyti í umboði sýslumanns annast ýmsa fyrirgreiðslu við íbúa þessara hreppa, er heyra áfram undir sýslumann.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að sett verði reglugerð, er kveði nánar á um starfssvið lögreglustjórans. Auk þeirra meginþátta, sem í frumvarpinu eru taldir upp, og lögreglustjórinn á að annast, er nauðsynlegt að taka fram nánar um ýmsa hina smærri þætti. Einnig er nauðsynlegt, að settar verði nánari reglur um starfsskiptingu milli sýslumannsembættisins og lögreglustjóraembættisins.